

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Vogavík



| | | | |
|---------------------|--------------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 30.8.2021 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Benchmark Genetics Iceland hf. | Eftirlitsmaður | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili | Bæjarhraun 14 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 620391-1079 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ella Kristín Geirsdóttir | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hreiðar Pétursson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit. Enn er framleitt umfram hámark eða um 285 tonn árið 2020 og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefnd og byggir á starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi með losun í sjó er með 200 tonna framleiðsluhámark.

Rekstraraðila var bent á að senda uppfærðar áætlanir til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. í Vogavík í Vogum. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem heimilur 200 tonna ársframleiðslu, og gefið út af heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis þann 17. mars 2010 sem gildir til 17. mars 2022. Eftirlit var fyrst hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (HES) en færðist til Umhverfisstofnunar. Um tíma sá Matvælastofnun um eftirlitið en það hefur nú alfarið færst til Umhverfisstofnunar. Deiliskipulag fyrir Vogavík var gefið út 25. mars 2015.

Í Vogavík eru hrognahús, seiðaeldisstöð, áframeldishús, hængahús og sambyggt klakfiskahús og sláturhús ásamt rannsókn- og þjónustuhúsum og geymslum. Starfsleyfi sláturhúss í Vogavík er undir eftirliti HES. Breytingar eru í vendum þar sem unnið er að stækkun stöðvarinnar og fyrirhugað er að flytja eldið í Kollafirði og sameina það eldinu í Vogavík.

Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir 500 tonna lífmassa og hefur mat á umhverfisáhrifum farið fram og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Auka þarf vatnstöku á ferskvatni og jarðsjó um allt að 400 l/s en vatnstökusvæðið er allt innan lóðar í Vogavík. Skipulagsstofnun telur ástæðu til að vakta vatnsbólun vegna hættu á íblöndun jarðsjós við ferskvatnslínu. Einnig skal vakta áhrif eldisins á lífríki í fjöru og bregðast við með mótvægisáðgerðum ef styrkur næringarefna ef yfir losunarmörkum.

Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

Fundur:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfsmanna
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Skoðun á búnaði og lóð

Fulltrúar rekstraraðila voru Ella Kristín Geirsdóttir, Auður Eyberg Helgadóttir, Hreiðar Pétursson og Guðmundur Snorri Benediktsson en frá Umhverfisstofnun Gottskálk Friðgeirsson.

1. Síðan 2017 hefur stöðin framleitt umfram leyfilegt umfang. Í starfsleyfi sem byggir á starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi með losun í sjó er 200 tonna hámark. Enn er framleitt umfram hámark eða um 285 tonn árið 2020 og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Nýtt frávik skráist á hverju ári sem farið er umfram heimildir og því eru nú fjögur opin frávik. Farið verður fram á tímasetta úrbótaáætlun vegna þessa.

Rekstraraðili hefur sótt um stærra starfsleyfi (2019) og einnig sótt um tímabundna undanþágu ráðuneytisins (2020). Ráðuneytið áformar að hafna beiðni rekstraraðila um tímabundna undanþágu en sendi þann 31. maí sl. bréf til rekstraraðila og gefur rekstraraðila kost á að setja fram betri ástæður fyrir veitingu undanþágunnar. Erindi rekstraraðila um tímabundna undanþágu er enn óafgreidd hjá ráðuneytinu. Frávikin eru því enn opin.

Frávik voru einnig skrifuð upp vegna þess að skriflegar áætlanir um viðbrögð við bráðamengun og um frágang vegna rekstrarstöðvunar lágu ekki fyrir. Skriflegar áætlanir hafa nú verið stofnuninni, yfirfarnar og samþykktar. Því er þeim frávikum nú lokað.

Ábendingar voru gerðar um tiltekt á lóðinni í Vogavík. Skoðuð var geymsla grófs úrgangs og flokkun úrgangs í gáma. Tiltekt á lóð er nánast lokið en vegna byggingaframkvæmda er nokkuð rask á lóðinni.

2. Upplýsingar um olíugeyma voru yfirfarnar. Einn 400 lítra olíugeymir er í Vogavík sem bæði er beintengdur varaafsstöð búsins og eins er dæla á geyminum og afgreitt á vélar og tæki. Gögnum um olíugeyminn verður komið til

Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem er ábyrgt fyrir skráningu olíugeyma á svæði heilbrigðisnefndar Suðurnesjasvæðis.

3. Í starfsleyfisskilyrðum er gerð krafa um skráningar á helstu umhverfispáttum eldisins, viðhald, eftirlit og bilanir í hreinsivirkjum, tæmingu rotþróa, meðhöndlun úrgangs. Skrá skal magn og förgun spilliefna og úrgangs. Eins skal skrá atvik, óhöpp og kvartanir sem berast vegna rekstursins.

Kvittunum er safnað og notaðar vegna skráninga á innkaupum, m.a. hættulegum efnum.

Farið var yfir nýjar kröfur sem gerðar verða þegar nýtt starfsleyfi verður gefið út, áætlanir, mælingar, skýrslur (gagnaskil), tilkynningar og skráningar. Eins kröfur til efnageymsla og frárennslis frá eldinu. Unnið er að uppfærslu á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og áætlun um meðferð úrgangs og verða þær senda eftirlitsaðila um hæl.

Grænt bókhald, ársyfirlit og mælinganiðurstöður bærust á tilsettum tíma.

Losun á fostór í frárennslis á síðasta ári var 9 kg/framleitt tonn reiknað út frá fóðri. Fóðurstuðull á síðasta ári var 1,42. Hreinsun á frárennslinu verður krafa ef losunarmörk eru ekki haldin.

4. Nýleg reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Í áhættumati síðasta árs fékk eldi Benchmark Genetics Iceland í Vogavík einkunnina C og þýðir það árlegt eftirlit Umhverfisstofnunar. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

5. Engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið á árinu og engar kvartanir borist vegna starfseminnar. Skoðaðar voru efnageymslur og eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

Nýtt 200 tonna rekstrarleyfi tók gildi 1. júlí sl. en áætlað er að það stækki í 500 tonn samhliða útgáfu stækkaðs starfsleyfis.

6. Farið var í skoðunarferð um lóðina og aðstaðan skoðuð. Ekki var tilefni til athugasemda. Byggingaframkvæmdir eru í gangi og þörf á tiltekt á byggingarstað að þeim loknum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæðum í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi með útrás til sjávar. 200 tonna hámarksframleiðsla.

Samkvæmt ársyfirliti Benchmark Genetics Iceland hf. var framleiðslan á árinu 2020 alls 285 tonn.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að senda uppfærðar áætlanir til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2021



Gottskálk Friðgeirsson

